

Mál nr. 343/2010

M

og

Vátryggingafélag X v/fjölskyldutryggingar

**Ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða
þegar M var að aðstoða við sauðburð þann 11.05. 2008.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.11. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr frítímaslysaftryggingu með vísan til þess að ósannað sé að “meiðsl þau sem M rekur til atviksins væru tilkomin vegna þess.” Ósannað sé að rekja megi meiðsl til þess að M hafi verið að “eltast við” kind. M hafi ekki leitað til læknis fyrr en einni og hálfri viku eftir umrætt atvik og þá eftir að hafa verið að bera kassa í vinnu sinni. Félagið vísar m.a. til fyrirliggjandi læknisvottorða, það telur að einkenni M í hægri öxl hafi verið lýst með samskonar hætti og nú á árinu 2006, ekki “var því um ný einkenni að ræða” sbr. nánar umfjöllun félagsins. Félagið getur læknisvottorðs, dags. 16.03. 2010 þar sem segir m.a. “.....28.09. 2009 þar sem fyrst er gerð liðspeglun. Sáust hér byrjandi slitbeytingar á liðbrjóski, þar sáust ekki áverkamerki eða stærri rifur á sinum á öxlinni”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun í málskotinu. M staðhæfir að hún hafi haldið í kindina sem “allt í einu stökk af stað og kippti í mig og kom þá smellur í hægri öxl og ofsalegar kvalir...”

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi meiðsl M til slyss.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.